

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

4. fundur stjórnar Byggðasafns Árnésinga var haldinn mánudaginn 27. mars 2023 kl. 18 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Ársskýrsla Byggðasafns Árnésinga 2022.** Lýður Pálsson fylgdi skýrslunni úr hlaði. Hún fer á heimasíðu safnsins og verður send sveitarfélögum sýslunnar.

2. **Ársreikningur Byggðasafns Árnésinga fyrir 2022.** Ársreikningurinn er gerður af KPMG endurskoðun. Á árinu voru greiddar 36,7 millj. kr. í laun auk 9,7 millj. króna í launatengd gjöld. Á árinu unnu 12 starfsmenn hjá safninu í 3,3 stöðugildum. Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð um 6,5 millj. kr. samkvæmt rekstrareikningi. Fjármagnsgjöld voru 25,2 millj. kr. Eigið fé safnsins nam 26,1 millj. kr. í árslok 2022 samkvæmt efnahagsreikningi. Heildarveltan varð 92 millj. kr. Stjórn safnsins og safnstjóri árituðu ársreikninginn.

3. **Sýningar og viðburðir.** Um þessar mundir er verið að vinna að gerð sýningarinnar „Drengurinn, fjöllin og Húsið“ sem verður vorsýning safnsins og fjallar um æsku Ásgríms Jónssonar listmálara í Flóanum. Sýningin opnar 1. apríl. Sumarsýningin nefnist „Sitthvað af konu - konur á Eyrarbakka“ og er unnin í samstarfi við Jónínu Óskarsdóttur sem rannsakað hefur líf og ævi fjölmargra kvenna á Eyrarbakka fyrr og síðar. Sýningin opnar 17. júní og byggir á viðtalsbók Jónínu. Einnig vinnur safnið með Listasafni Árnésinga og Listasafni Íslands að Ásgrímsleiðinni þar sem farið er í rútu um sögustaði Ásgríms listmálara í héraðinu. Einnig er gefið út kort þar sem allir geta þrætt þessa staði. Lögð voru fram drög að viðburðadagatali safnsins fram til ársloka. Viðburðadagatalið er margþætt og verður mikið líf í safninu á árinu en mikil vinna starfsmanna safnsins fer í undirbúning og framkvæmd.

4. **Byggðasafn Ölfuss.** Safnstjóri lagði fram minnisblað um Byggðasafn Ölfuss. Safnkostur þess, um 450 gripir, voru faldir Byggðasafni Árnésinga til varðveislu árið 2018. Þeir eru nú í grófmunasal Byggðasafns Árnésinga til bráðabirgða. Framundan er skráning þeirra í sérstaka undirskrá í Sarp, merking og fullnaðarskráning auk þess sem viðkvæmari gripum verður fundinn betri varðveislustaður í Búðarstíg 22. Mikil vinna er fólgin í þessari umsýslu safnmunanna og verður sótt um verkefnastyrk til þess í Safnasjóð 2024.

5. **Starfsemin um þessar mundir.** Frá því í desember hefur verið unnið að innra starfi safnsins og öðrum tilfallandi verkefnum eins og skráningu, undirbúning komandi viðburða, markaðssetningu, myndvæðingu í Sarp og mótun fræðslustefnu safnsins. Síðustu vikur hafa farið í Ásgrímsleiðina samstarfsverkefni með Listasafni Árnésinga og við að setja upp páskasýninguna „Drengurinn, fjöllin og Húsið“ og fjallar um vikapiltinn Ásgrím Jónsson sem var í Húsinu um 1890 og varð síðan afkastamikill listmálari. Yfir háveturinn er safnið opið eftir samkomulagi og hafa margvíslegir hópar, innlendir, erlendir og skólar komið í heimsóknir. Safnstjóri hefur með Lilju Árnadóttur mótað varðveislustefnu fyrir safnið sem verður kynnt á næsta stjórnarfundi. Nýr kynningarbæklingur er í vinnslu og einnig stendur til að opna nýja heimasíðu fljótlega. Búið er að ráða sumarstarfsfólk. Fundað hefur verið um sumarsýningu safnsins en vinna við hana hefst eftir páska.

6. **Næsti fundur stjórnar.** Næsti fundur stjórnar verður 17. apríl 2023 kl. 17.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19,30.

Sandra Sigurðardóttir
Þórhildur Ingvadóttir

230327 stjórnarfundur hjá Byggðasafni Árnésinga nr. 4